

Reykjavík – Grafarvogur 22. feb. 2011.

Kæri Jón,

Ég er nokkuð viss um að þú þekkir mig ekki en ég veit margt um þig. Ég er núna á fjórtánda ári og reyni að stefna langt í lífinu eins og þú en örugglega ekki sömu leið. Ég hef ekki eins mikinn áhuga fyrir stjórnmálum eins og þú en ég dáist að baráttu þinni. Ég stefni kannski mest að stærðfræðinni, því að það er mín sterkasta hlið. Ég væri til í að vita hvort þú varst í einhverjum íþróttum, því að sjáfur er ég mikill íþróttamaður. Ég spila mikið badminton og ég var að velta því fyrir mér hvort sú íþrótt hafi verið þekkt hér á landi á þínum tíma.

Það er gaman að segja frá því að í mínum heimi ertu mjög stór fyrirmynd. Ég er kannski ekki stærsti aðdáandinn þinn en ég lít mikið upp til þín. Það er búið að gera stytta af þér sem stendur á Austurvelli, fyrir framan Alþingishúsið. Að eiga stóra stytta af sér er frábært en svo er líka stærsti dagur Íslands haldinn sérstaklega út af fæðingardegnum þínum, þann 17. júní eða lýðveldisdagurinn eins og hann er kallaður núna. En þetta árið verður lýðveldisdagurinn sérstakur, því að þá verða 200 ár liðin frá fæðingunni þinni og þá verður hátíðin örugglega stærri en áður. Núna er ég svo að læra um þig í bók sem heitir einmitt „Jón Sigurðsson”. Allt þetta sýnir hversu mikilvægur þú varst í sögu Íslands.

Voru foreldrarnir þínir þau, Sigurður og Þórdís, ekki mjög gott fólk? Þau ólu þig örugglega mjög vel upp, fyrst þú náðir svona góðum árangri. En hvernig voru systkini þín? Voruð þið oft að stríða hvort öðru, því að ég á systur sem er talsvert eldri en ég en samt erum við alltaf að stríða hvort öðru. En það var örugglega mjög erfitt að lifa á þínum tíma, með lítinn mat og aðrar nauðsynjar og þess háttar.

Ég er núna bráðum að fara að enda þetta bréf en það væri frábært ef þú gætir svarað því. Það væri líka gaman ef þú gætir sagt mér frá fjölskyldunni þinni og heiminum þínum. Ég væri líka til í að vita um samband ykkar Ingibjargar og ykkar ást.

Kveðja Davíð.